

**Sp. 1120. Tillaga til þingsályktunar**

um leigu á færeyskum skipum. o. fl.

(Lögð fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1945.)

Alþingi ályktar að samþykkja samning þann um leigu á færeyskum skipum, sem prentaður er sem fylgiskjal með þessari þingsályktunartillögu, og jafnframt að heimila ríkisstjórninni að leigja skip þessi öðrum eða annast rekstur þeirra, ef þörf krefur.

**Fylgiskjal.**

**Samningur um leigu á færeyskum skipum til fiskflutninga.**

1. gr.

Samningur þessi er gerður milli íslenzka hluta íslenzk-færeysku samninganefndarinnar f. h. ríkisstjórnar Íslands, hér eftir nefndur leigutaki, og færeyska hluta sömu nefndar f. h. færeyskra yfirvalda og félaga, sem hinn 13. janúar 1945 hafa samþykkt að senda færeysku samninganefndina til Íslands, sem og f. h. eigenda skipa þeirra, sem um er að ræða, hér eftir nefndur leigusali.

2. gr.

Leigusali leigir leigutaka þau skip, sem nánar eru tilgreind á viðfestri skrá, merktri I, til flutninga á ísvörðum fiski frá Íslandi til Bretlands.

3. gr.

Leigusamningur hvers skips um sig gildir frá þeim degi, er skipið er ferðbúið til siglingar frá Færeyjum til Íslands. Leigumálanum lýkur í Færeyjum 1. júní 1945 eða síðar, eftir því, hvernig stendur á heimferð skipsins að lokinni síðustu ísfiskferð þess. Leigutaki skal skila skipinu í heimahöfn þess í Færeyjum.

4. gr.

Auk þeirra skipa, sem getur í 2. gr., leigir leigusali enn fremur út þau skip, sem greind eru á viðfestri skrá, merktri II. Leigusamningur þeirra skipa er gerður í sama augnamiði og hefst á sama hátt og áður getur, en leigusamningurinn gildir áfram til 15. október eða síðar, eftir því, hvernig stendur á heimferð skipsins að lokinni síðustu ísfiskferð þess. Leigutaki skal skila skipinu í vetrarfestum og þannig, að segl og kaðlar séu tekin niður í heimahöfn þess í Færeyjum, þó þannig, að leigusamningnum ljúki í síðasta lagi tveim sólarhringum eftir komu skipsins til heima-hafnarinnar.

5. gr.

Leigusali skal láta skipin af hendi ferðbúin og í haffæru ástandi, og skulu þau hafa fullkominn útbúnað, eftir því sem venja er til, til ísfiskflutninga. Skipunum skulu fylgja öll þau tæki, sem þau hafa og krafizt er í millilandasiglingum.

Leigusali skal á leigutímanum greiða öll þau útgjöld, sem á falla, til þess að skipin haldist í haffæru ástandi, og enn fremur skal hann greiða allan kostnað af viðhaldi og viðgerðum á skipi og tækjum þess, þ. á m. á vél skipsins.

Nú þarf að greiða kostnað af viðgerðum eða viðhaldi á leigutímanum, og ber þá leigutaka að sjá svo um, að hagsmuna leigusala sé gætt þannig, að viðgerðir og viðhald fari fram eins fljótt og ódýrt og unnt er og í Færeyjum, ef óskað er og ef það er hægt án verulegrar tafar fyrir skipið.

Verði ákvæðum þessarar greinar ekki framfylgt, getur leigutaki fyrirvaralaust sagt upp leigusamningi hlutaðeigandi skips, enda hafi hann áður án árangurs sent umboðsmanni leigusala kvörtun þar um.

6. gr.

Leigusali ræður skipstjórnarmenn og skipshafnir, og skulu þeir vera Færeyingar. Stærð skipshafna skal vera eins og venja er til á hlutaðeigandi skipi, 7 eða 8 manns.

7. gr.

Skipstjórnarmenn og skipshafnir skulu ráðnar samkvæmt ákvæðum hinna fær-eysku samninga, sem gilda árið 1945 milli Færðernes Rederiforening annars vegar og Föroya Skipara og Navigatörfelag, Föroya Fiskimannafelag og Suduroya Fiskimannafelag hins vegar, en þó með eftirfarandi breytingum með tilliti til útreiknings á ágóðahluta skipstjóra og áhafnar:

- a) Verð fisks, sem keyptur er á Íslandi, má ekki fara fram úr því verði, sem gildi árið 1944, og gera skal ráð fyrir því, að verði breytingar á hámarksverði fisks í Bretlandi miðað við verðið 1944, skuli verð þess fisks, sem keyptur er á Íslandi, breytast í sama hlutfalli.
  - b) Ekki má leggja umboðslaun við innkaupsverð fisksins.
  - c) Þegar svo stendur á, að skipið flytur vörur frá Bretlandi, má ekki reikna útgjöld til kaupa á ís hærra verði en venjulegt innkaupsverð á ís er í Bretlandi.
  - d) Leigutaki skal tryggja fiskfarminn fyrir væntanlegu söluverði óskertu, og farist skipið, skal váttryggingarupphæð farmsins lögð til grundvallar við útreikning ágóðahlutans sem söluverð farmsins.
- Samningarnir fylgja, merktir III og IV.

#### 8. gr.

Leigan fyrir þau skip, sem nefnd eru í 2. gr., er ákveðin sem föst mánaðarleiga, að grunnupphæð 3000 færeyskar krónur, en þar við bætist upphæð, sem nemur í færeyskum krónum 6 sinnum fjölda fiskkaşa (a 1 cwt.) þyngd upp úr skipi, sem skipið getur undir venjulegum kringumstæðum flutt til Bretlands.

Leigan fyrir þau skip, sem nefnd eru í 4. gr., er ákveðin sem föst mánaðarleiga og er reiknuð eins og hér segir:

1. Fyrir skip, sem taka allt að 1400 kassa þyngd upp úr skipi, 7 færeyskar krónur á kassa.
2. Fyrir skip, sem taka 1400 kassa eða meira, grunnupphæð, sem nemur 3000 færeyskum krónum, að viðbættum 5 færeyskum krónum á hvern kassa.

Leigan greiðist mánaðarlega fyrir fram.

#### 9. gr.

Með tilliti til hleðslumagns skips, sem reiknað er út eftir vegnum kössum af fiski í Bretlandi, má lagfæra útreikninginn, þegar leigusamningnum lýkur, í hlutfalli við þann kassafjölda, sem hvert einstakt skip hefur landað að meðaltali á leigutímanum, en annars skal fyrst um sinn reiknað eftir þeirri tölu, sem eigandinn hefur tilkynnt sem hleðslumagn skipsins.

#### 10. gr.

Leigutaki skal greiða allan kostnað, hvers kyns sem er, við rekstur skipsins á leigutímanum, að undanteknu viðhaldi og viðgerðum á skipunum.

Að því er snertir váttryggingu skipanna, skulu váttryggingarupphæðir þeirra haldast óbreyttar frá því, sem nú er, nema því aðeins, að sérstakar ástæður til hækkunar séu fyrir hendi. Skipin sjálf skulu tryggð í færeyskum tryggingafélögum, bæði að því er snertir sjáváttryggingu og stríðstryggingu. Enn fremur skal öll skyldutrygging á sjómönnum og munum þeirra vera í Færeyjum eins og venjulega.

Reynt verður að ná allsherjar samkomulagi, að því er snertir iðgjaldsgreiðslur, við hlutaðeigandi færeysk tryggingafélög, en til þeirra verður leigutaki að sjálfsgöngu að senda allar nauðsynlegar tilkynningar. Váttryggingarnar skulu vera í nafni leigusala, og afgangur, sem seinna kynni að koma fram í sambandi við váttryggingarnar, fellur leigusala í skaut. Að því er snertir þau skip, sem getur í 2. gr., skal leigutaki greiða helming af hinum fastumsömdu árstryggingum auk iðgjalda fyrir hverja ferð, þó því aðeins, að hann hafi haft skipið á leigu í 3 mánuði að minnsta kosti. Að því er tekur til þeirra skipa, sem getur í 4. gr., skal leigutaki greiða allar tryggingar skipsins það ár.

Það skal þó fram tekið, að það, sem stríðstrygging skipsins sjálfs fer fram úr  $\frac{1}{4}\%$  á missiri af  $\frac{1}{4}\%$  fyrir hverja ferð, skal greitt af leigusala.

#### 11. gr.

Verði stöðvun á rekstri skips vegna viðgerðar af völdum sjóttjóns eða annars tjóns á skipi eða vél, greiðist ekki dagleiga fyrir þann tíma, sem viðgerð eða stöðvun stendur, fram yfir 2 sólarhringa í einu. Hér er ekki átt við stöðvun, sem leiðir af eðlilegu viðhaldi.

#### 12. gr.

Leigutaka er heimilt að flytja vörur frá Bretlandi til Íslands með þessum leiguskipum.

Í þeim ferðum, sem skipin koma við í Færeyjum á leiðinni frá Bretlandi til Íslands til þess að skipta um áhöfn (sjá næstu gr. hér á eftir), getur leigusali krafist þess, að skipin flytji vörur frá Bretlandi til Færeyja, ef það er mögulegt án óeðlilegra tafa. Fyrir slíkan farm skulu greidd hin opinberu færeysku farmgjöld, sem hér fylgir eintak af, merkt V.

13. gr.

Í þriðju hverri ferð leiguskipa til Íslands skal það koma við í Færeyjum til að skipta um áhöfn, með tilvísun til gildandi samnings (fskj. IV), en viðdvöl þess þar má þó ekki vera lengri en 48 tímar, nema sérstaklega sé um samið hverju sinni við umboðsmann leigutaka í Færeyjum.

14. gr.

Komi í ljós, að leigutaki hafi ekki fulla þörf hinna leigðu skipa til flutnings á ísvörðum fiski til Bretlands, er honum heimilt að nota skipin við strendur Íslands á annan hátt, enda missi skipstjóri eða skipverjar einkis í launagreiðslum.

15. gr.

Skipstjóra og öðrum skipverjum ber að rækja starf sitt af kostgæfni. Einnig er þeim skylt að sjá um, að skipin láti úr höfn, þegar er þau eru ferðbúin, svo framrælega sem veður hamlar ekki slíku. Verði misbrestur á þessu, er leigutaka heimilt að segja upp leigu á hlutaðeigandi skipi fyrirvaralaust, enda hafi hann áður án árangurs sent umboðsmanni leigusala kvörtun þar um.

16. gr.

Leigutaki samþykkir, að skipin flytji án sérstaks endurgjalds færeyskt verkafólk og sjómenn og báta og útbúnað, sem þeim kynni að fylgja, frá Færeyjum til Íslands, annaðhvort um leið og leigutíminn hefst eða þegar skipin koma við í Færeyjum seinna á leið til Íslands. Einnig samþykkir leigutaki að flytja verkafólk og sjómenn o. s. frv. frá Íslandi til Færeyja í tveim síðustu ferðum hvers skips á leigutímanum. Þessi flutningur verður fram að fara án sérstakra óþæginda eða tafar.

17. gr.

Framleiga er heimil, en þó skal leigutaki bera fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum, sem hann hefur tekið á sig samkvæmt samningi þessum.

18. gr.

Nú hættir stríðið í Evrópu á samningstímabilinu, og getur þá hvor sanningsaðili um sig sagt upp samningnum með 30 daga fyrirvara, en uppsögn getur því aðeins komið til greina, að stríðslokin hafi í för með sér verulega breyttar aðstæður til ísfiskflutninga.

19. gr.

Leigutaka er skylt að fara vel og sæmlega með skip og útbúnað skips á leigutímanum.

20. gr.

Leigusali ber ekki ábyrgð gagnvart leigutaka á skaða, sem hljótast kynni af óhöppum, stöðvun á rekstri eða slíku, og ekki ber leigusali heldur ábyrgð gagnvart leigutaka á skaða, sem hljótast kynni af skyssu eða vanrækslu skipstjóra eða áhafnar.

21. gr.

Nú ferst skip á leigutímanum, og greiðir þá leigutaki leigu til þess dags, sem skipið ferst, eða ef ekki er vitað, hvaða dag skipið ferst, þangað til fjórum dögum eftir, að síðast fréttist af skipinu.

22. gr.

Ef skipið bjargar öðrum skipum eða veitir öðrum skipum hjálp, skal sá hluti björgunarlauna eða greiðslu fyrir veitta aðstoð, sem kemur í hlut útgerðarinnar, skiptast jafnt á milli leigusala og leigutaka.

23. gr.

Allar greiðslur samkvæmt samningi þessum skulu fara fram á þann hátt, að upphæðirnar skulu greiddar í sterlingspundum inn í færeyskan banka með genginu 1 £ sterling = 22.40 færeyskar krónur. Leigutaki skal greiða bankakostnað við yfirfærslu fjárins.

24. gr.

Sá sérstaki viðauki við hafnargjöld í Færeyjum, sem ákveðinn var samkvæmt auglýsingu nr. 60 23. desember 1942, að upphæð allt að 10 aurum af hverju sterlingspundi, sem inn kemur fyrir fisksölu skipanna í Stóra-Bretlandi og samkvæmt settum ákvæðum greiðist af þeim, sem reka skipin, skal ekki taka til leigutaka, þar eð viðaukinn, ef hann gildir áfram, greiðist af leigusala, einnig að því er snertir þau skip, sem greinir í samningi þessum.

25. gr.

Um leið og leigusamningurinn gengur í gildi í Færeyjum, skal útbúinn listi, ef til kemur að viðstöddum umboðsmanni frá báðum aðilum, um þær birgðir, sem fyrir hendi eru af hráolíu, smurningsolíu, kolum, steinolíu, tvisti, þéttifeiti o. s. frv. Við lok leigutímans er leigutaka skylt að skila samsvarandi birgðum af hverri tegund um sig. Ef slík skil fara ekki fram eða ef leigutaki skilar ekki jafnmiklu og hann hefur fengið, skal leigutaki greiða mismuninn út í hönd samkvæmt fullu verðlagi á staðnum.

Leigutaki endurgreiðir vistir og ís samkvæmt reikningi.

26. gr.

Strax og búið er að undirrita samning þennan, skulu eigendur hlutast til um, að öll þau skip, sem leigð eru út samkvæmt samningnum, verði tilbúin til fiskflutninganna svo fljótt sem tók eru á.

27. gr.

Leigutaki hefur umboðsmann í Færeyjum til þess að gæta hagsmuna leigutaka á leigutímanum.

Ef upp ris ágreiningur í Færeyjum, meðan á leigutímanum stendur, eða til greina koma efasemdaratriði um minni háttar mál, eins og t. d. um birgðir skips eða ástand, viðdvöl skips í Færeyjum eða viðgerðir og viðhald í Færeyjum, skal fyrst reynt að jafna þau atriði í viðræðum á milli umboðsmanns fyrir Færöernes Rederiforening f. h. leigusala og umboðsmanns leigutaka. Ef slíkar viðræður bera ekki árangur og eðli málsins er þannig, að það krefst fljótlega úrskurðar í Færeyjum, skal út um það gert og sá úrskurður vera bindandi fyrir báða aðila af gerðardómi, sem í séu báðir þessir umboðsmenn ásamt oddamanni, sem tilnefndur sé af héraðsdómaranum í Færeyjum.

28. gr.

Verði að öðru leyti ágreiningur um skilning á ákvæðum samnings þessa eða um bætur fyrir tjón, sem annar hvor aðila telur sig hafa orðið fyrir vegna vanefnda á samningnum, skal úr ágreiningnum skorið af gerðardómi, sem hefur aðsetur í Reykjavík.

Gerðardómurinn skal þannig skipaður: Leigutaki tilnefnir einn gerðarmaun og Færöernes Rederiforening annan, en hæstiréttur Íslands tilnefnir þann þriðja á meðal dómenda réttarins, og er hann formaður dómsins.

Þegar um er að ræða mál, sem sérstaklega snerta hagsmuni skipstjóra eða stýrimanns skips, tilnefnir Föroya Skipara- og Navigatörfelag einn gerðarmann í stað Færöernes Rederiforening, og þegar um er að ræða mál, sem sérstaklega snerta hagsmuni áhafnarinnar að öðru leyti, tilnefnir Föroya Fiskimannafelag einn gerðarmann í stað Færöernes Rederiforening. Þegar um er að ræða mál, sem einkum snerta hagsmuni skipshafnarinnar, jafnt skipstjórnarmanna sem áhafnarinnar að öðru leyti, tilnefna Föroya Skipara- og Navigatörfelag og Föroya Fiskimannafelag í sameiningu einn gerðarmanna.

Ef ekki liggur ljóst fyrir, hvort af hinum tilgreindu félögum skuli útnefna hinn færeyska gerðarmann, sker héraðsdómarinn í Færeyjum úr því.

Tilnefni annar hvor aðila ekki gerðarmann innan tveggja vikna, frá því að honum barst beiðni um tilnefningu, skal gerðarmaðurinn tilnefndur af hæstarétti.